

REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 817/2012, um sóttvarnaráðstafanir.

1. gr.

2. mgr. 11. gr. hljóðar svo:

Lyf við tilkynningarskyldum sjúkdómi, sbr. viðauka II í fylgiskjali 1, ávísad frá göngudeildum skv. 1. gr., heilsugæslustöð eða af sérgreinalækni greiðist af Sjúkratryggingum Íslands. Leyfisskyld lyf eru greidd af Sjúkratryggingum Íslands, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 313/2013 um greiðsluþáttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði. Læknir skal staðfesta á lyfseðli að um tilkynningarskyldan sjúkdóm sé að ræða. Sjúkratryggingar Íslands geta sett skilyrði um að notuð séu ódýrustu lyfin hverju sinni ef um er að velja fleiri en eitt lyf með sambærilega verkun. Samþykki fyrir fullri greiðsluþáttöku sjúkratrygginga skal að jafnaði háð því að notaðar séu hagkvæmustu pakkningastærðir hverju sinni og að tilkynning um smitsjúkdóm hafi verið send sóttvarnalækni.

2. gr.

Í stað viðauka II „Lyf við tilkynningarskyldum sjúkdómum sem greiðast af göngudeildum eða Sjúkratryggingum Íslands, sbr. 11. gr.“ komi nýr viðauki sem birtur er með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997, sbr. 12., 16. og 17. gr., öðlast gildi frá og með 4. maí 2013.

Velferðarráðuneytinu, 24. apríl 2013.

Guðbjartur Hannesson.

Vilborg Ingólfssdóttir.

VIDAUKI II

**Lyf við tilkynningarskyldum sjúkdómum, sem greiðast
af Sjúkratryggingum Íslands, sbr. 11. gr.**

Vegna HIV-sýkingar

J-flokkur (Sýkingalyf)

P-flokkur (Sníklalyf)

Önnur lyf vegna HIV-sýkingar:

Meltingafæralyf

A07DA03 (Lóperamíd)

Blóðfitulækkandi lyf

C10A (lyf til temprunar á blóðfitu) – lyf með almenna greiðsluþáttöku samkvæmt lyfjaverðskrá

Beinþynning (osteopenia/osteoporosis)

M05BA (Bisfosfónöt) – lyf með almenna greiðsluþáttöku samkvæmt lyfjaverðskrá

Taugalyf, þ.m.t. útlægur taugavilli

N03AX12 (Gabapentín)

N06AA09 (Amitriptylín)

N06AA10 (Nortriptylín)

N06AX16 (Venlafaxín)

N06AB (Sérhæfðir serótónín endurupptökuhemlar) – lyf með almenna greiðsluþáttöku samkvæmt lyfjaverðskrá

Nr. 412

24. apríl 2013

Vegna berkla og holdsveiki

J-flokkur

A11HA02 (Vítamín B6/pýridoxín)

Til varnar meningókokkasjúkdómi

J01MA02 (Cíprófloxacín)

J04AB02 (Rifampín)

Vegna lekanda, klamýdíu og sárasóttar

J01AA (Tetracyklínsambönd)

J01CA (Breiðvirk penisillín)

J01CE (Beta-laktamasanæm penisillín)

J01DD04 (Ceftríaxón)

J01FA10 (Azítrómýcín)

J01MA02 (Cíprófloxacín)

Vegna salmonellu, kampýlóbakter og shigellu

J01CE (Beta-laktamasanæm penisillín)

J01FA (Makrólíðar)

J01MA02 (Cíprófloxacín)

Vegna amöbusýkingar (Entamöba histolytica)

P-flokkur (Sníklalyf)

Vegna meticíllín ónæmra stafylókokka (MÓSA)

R01AX06 (Múpírócín)

Klórhexidín púður (Naflapúður)

Klórhexidín 2% sápa

J01EE01 (Trimetóprim og súlfametoxasól)

J01FF01 (Klindamýcín)

J01XA01 (Vankómýcín)

J04AB02 (Rifampín)

Vegna heimsfaraldurs inflúensu

J05AH01 (Zanamívír)

J05AH02 (Óseltamivír)